

Nefndasvið Alþingis — Umhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefnasvid@althingi.is

Dags. 1.3.2016
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2016-92
0.5

Með erindi dags. 16. febrúar sl. óskaði umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn Veðurstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um stofnun loftslagsráðs, 131. mál.

Umsögn Veðurstofunnar er sem hér segir:

Eins og segir í greinargerð með tillögunni kann að stafa veruleg vá af þeim loftslagsbreytingum sem nú eru að eiga sér stað. Nokkur vinna hefur átt sér stað í þeim málaflokkum sem þar eru nefndir. Þannig skilaði vísindanefnd um loftslagsbreytingar af sér skýrslu árið 2008 þar sem hnattrænum loftslagsbreytingum var lýst og líklegum áhrifum þeirra á Íslandi. Árið 2009 skilaði sérfræðinganeftnd umhverfisráðuneytisins skýrslu um möguleika á því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á Íslandi. Að beiðni ráðuneytisins hefur vísindanefnd um loftslagsbreytingar verið falið að vinna að annarri skýrslu um áhrif loftslagsbreytinga hér á landi og einnig er á vegum háskólasamfélagsins á Íslandi unnið að frekari úttekt á möguleikum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Ýmislegt í starfsemi opinberra stofnana og fyrirtækja tekur nú orðið mið af því að draga úr losun eða aðlagast væntanlegum loftslagsbreytingum. Á vegum Veðurstofu Íslands hafa t.d. verið unnin rannsóknaverkefni tengd aðlögun orku- og samgöngu-geirans að áhrifum loftslagsbreytinga, og á vegum Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð, vinna mörg fyrirtæki að því að bæta umgengni um umhverfið.

Margt af því sem lagt er til í tillögunni um stofnun loftslagsráðs er því þegar komið til framkvæmda, en yfirsýn kann að skorta. Sameiginlegur vettvangur opinberra aðila, fyrirtækja og vísindasamfélagsins gæti bætt úr því, en ekki er tryggt að sú heildarsýn sem þar kann að skapast nái athygli þingmanna og ráðherra. Loftslagsráð, eins og það sem stungið er upp á tillögunni, myndi því hafa meiri áhrif ef aðkoma stefnumótenda að því væri tryggð.

Virðingarfyllst



Hafdís Karlsdóttir
settur forstjóri VÍ